



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Leikskólinn Funaborg**

**2020 – 2021**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

|                                                              |    |
|--------------------------------------------------------------|----|
| Leiðarljós leikskólans: .....                                | 3  |
| 1 Greinargerð leikskólastjóra .....                          | 4  |
| 2 Innra mat .....                                            | 7  |
| 2.1 Innra mat á Helgustekk.....                              | 8  |
| 2.2 Innra mat á Fögrubrekku .....                            | 9  |
| 3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....                        | 10 |
| 4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva ..... | 10 |
| 5 Foreldrasamvinna .....                                     | 10 |
| 6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....                   | 11 |
| 7 Fylgigögn.....                                             | 12 |
| 7.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs .....                 | 12 |
| 7.2 Fylgiskjal 2 – Greinargerð sérkennslustjóra .....        | 12 |
| 7.3 Fylgiskjal 3- Dagatal leikskólans.....                   | 12 |
| 7.4 Fylgiskjal 4 – Viðburðaskrá leikskólans.....             | 12 |

## Leiðarljós leikskólans:

*Í hvert sinn sem þú gerir eitthvað fyrir barnið sem það hefði sjálft getað gert, heldur þú aftur af þroska þess*



## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Skólaárið sem nú er að líða hefur verið mjög óvenjulegt. V-in þrjú verkfall, veður og veira eins og nefnt hefur verið um þennan vetur, höfðu áhrif á alla starfsemi leikskólans.

Í fyrsta skipti var leikskólinn lokaður einn dag vegna veðurs og rauðrar viðvörunar á höfuðborgarsvæðinu. Verkfall Eflingar stóð lengi og Funaborgin var lokað börnum á meðan yfir stóð. Strax í kjölfar þess að verkfalli lauk kom Covid19 faraldurinn og aftur varð að draga úr vistun barna að leikskólanum. Öll börn gátu þó sótt leikskólann að einhverju leyti, en ekki eins og dvalasamningur þeirra sagði til um. Foreldrar nokkurra barna tóku þá ákvörðun að börnin þeirra yrðu heima meðan þessi vágestur væri til staðar.

Þó svo að aðstæður hafi verið undarlegar og sífellt fleiri og fleiri breytur sem varð að taka tillit til þá gáfu einmitt þessar aðstæður tækifæri til þess að sjá frábæra aðlögunarhæfni barna. Á leikskólanum var minna af dóti, tekið var á móti börnum í fataklefa og foreldrar kvaddir þar. Engar hefðbundnar hópstundir. Sífelldur handþvottur og sjálfræðið sem við leggjum alltaf mikið upp úr varð töluvert minna þegar starfsfólkið tók yfir skömmun í matartímum og frágang eftir matinn sem er stór lærdómsstund á hverjum degi fyrir börnin. Börnin spurðu, meðtóku, mótmæltu stundum og aðlöguðu sig svo að breyttu aðstæðunum. Aftur og aftur sýna börn okkur hversu hæfileikarík þau eru.



Hópstundirnar okkar eru komnar aftur inn í skipulagið, en ákveðið hefur verið að bíða með sameiginlegar söng og dansstundir og verkefni umsjónarmanna fram yfir sumarfrí. Við gerum ráð fyrir að starfið okkar verði allt orðið á eðlilegum nótum strax eftir sumarfrí.

Í Funaborg trúum við að barnið sé hæfur einstaklingur sem getur, skilur, kann og vill. Í félagslegri tengingu við jafningja sína, kennara, foreldra, nærumhverfi sitt og stærra samfélagið verði barnið sterkara, hafi trú á eigin getu og öðlist kjark og þor til að leysa úr eigin vandamálum og flóknum samskiptamynstrum.

Lykilhugtök Funaborgar verða enn sem áður í hávegum höfð hamingja, leikur, málrækt, sjálfræði og heilbrigði. Við höfum sett lykilhugtökin niður á dagatal skólans til að hjálpa okkur enn við að fara eftir þeim, auka skilning okkar á þeim og mikilvægi þeirra fyrir börnin. Við munum nota verkfærin okkar þrjú, sem við teljum aðalsmerki Funaborgar. Þessi verkfæri eru **fimmínútnareglan, val** og að segja **já í 99% tilfella**. Í raun má segja að þessi verkfæri tengist öll jákvæðri sálfræði. Fyrir breytingar í athöfnum barnanna gefum við aðvörun, við segjum: „Það eru **fimm mínútur** þangað til að við...“. Þannig koma breytingar börnunum ekki illa, þau eru sáttari, þau klára verkefnið, leikinn sem þau stunda þá stundina og vita alltaf til hvers er ætlast til af þeim. Þegar börnin hafa **val** eykur það á sjálfræði þeirra og sjálfstæði. Börnin hafa **val** að leikefni, geta valið að flytja sig og efniviðinn á milli staða, val að því hvernig þau leggja á borð



o.s.frv. Stundum þegar ekkert val er, t.d. þegar kalt er úti og útifatnaður nauðsynlegur er hægt að velja viltu bláu vettlingana eða grænu? Að segja **já í 99% tilfella** er ekki síðra verkfæri í kennarahópinn eða barnahópinn. Samskiptin við börnin verða jákvæðari og við það verður starfið einnig jákvæðara. Það er stór munur á því að

svara barni sem spyr í matartíma hvort það megi fá meiri mjólk, „já þegar þú ert búin að klára matinn“ eða „nei þú ert ekki búin með matinn“. Kennarar læra að hugsa, hvers vegna ætla ég að segja nei áður en þeir svara barni og öðrum samstarfs kennurum og um leið verður starfið meira lifandi og opið, fullt af tækifærum og nýjungum. Verkfærin okkar þrjú eru ásamt því að vera tengd jákvæðri sálfræði frábær leið til að efla sjálfræði barna. Þegar starfsfólk nær góðum tókum á verkfærunum getum við með sanni sagt að unnið sé að eflingu sjálfræðis barna á leikskólanum.

Áður en kom til verkfalls og Covid19 mætti til lands náðum við að gera tvö myndbönd í samstarfi við leikskólana Hólaborg, Sunnufold og Engjaborg fyrir starfsfólk leikskóla til að kenna með myndum og texta grunnaðferðir leikskólastarfs. Við teljum að þessi myndbönd muni skila sér til barnanna á þann máta að þau hafi gott rými og skilning á

því að efla sjálfræði sitt. Myndböndin eru okkar afurð af innleiðingu Menntastefnu Reykjavíkur.

Á Funaborg var sótt um styrk til áframhaldandi innleiðingar Menntastefnu Reykjavíkurborgar og áfram ætlum við að vera í samstarfi við Sunnufold, Engjaborg og Hólaborg. Við ráðgerðum að halda ráðstefnu fyrir allt starfsfólk leikskólana okkar fjögurra á sameiginlegum námskeiðsdegi í mars 2021.

Markmið okkar á næsta skólaári er að halda áfram með að vinna að myndböndunum sem ráðgert er að verði fleiri. En aðstæður þessa vetrar gáfu ekki færi á áframhaldandi undirbúning og vinnu. Vinna að þessum frábæru myndböndum er hafin á ný.

Haustið 2020 ætlum við að gera tilraun með að hafa foreldrafund að hausti með öðru sniði en venjulega. Foreldrafundir hafa ekki verið vel sóttir og við teljum að mikilvæg skilaboð skili sér illa eða ekki til foreldra þess vegna. Við höfum hugsað okkur að gera rafrænan foreldrafund og senda svo foreldrum fundinn í tölvupósti og birta hann einnig á facebook síðu leikskólans á íslensku með enskum texta.

Samskipti og samvinna er mikilvægur þáttur í leikskólastarfi, með góðu samstarfi, samfellu og skilning á milli heimilis og leikskóla gerum við uppeldi barnanna auðveldara fyrir alla, börn, starfsmenn og foreldra. Við ætlum að kynna verkfæri (val, fimmmínútnaregluna og að segja já í 99% tilfella) Funaborgar sérstaklega fyrir foreldrum, í von um að boðaskapur og notagildi þeirra verði útbreiddari. Þessi kynning mun einnig vera í rafrænu formi.

## 2 Innra mat

Innleiðing starfshátta tengdri sjálfseflingu með aðstoða myndbanda sem gerð voru fyrir styrk vegna innleiðingar Menntastefnu gekk ekki að óskum vegna óviðráðanlegra orsaka eins og verkfalls og Covid 19 og því munum við setja þann þátt aftur í innra mat leikskólans og einnig í innra mat deilda.

| UMBÓTAPÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR                | Tækifæri til umbóta                                                              | Aðgerðir til umbóta                                                                     | Ábyrgð                                                 | Hefst                                                                       | Lokið                      | Hvernig metið/aðferðir?                                                              | Viðmið um árangur                                                                                                                       |
|--------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------|----------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------|-----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| Menntastefnan starfsfólk                   | Huga þarf aftur að því að innleiða að krafti sjálfseflinga rþátt menntastefnunar | Nota myndböndin með nýjum starfsmönnum. Gefa rými til áhorfs og þælinga                 | Deildastjórar Aðstoðarstjóri leikskólastjóri           | Á að vera í gangi alltaf með nýju starfsfólki og í stöðugri upprifjun allra | Allt árið                  | Könnun á fb síðu starfsmanna, spurt hvort og hvað í myndböndum hafi nýst starfsfólki | Að allir hafi séð myndböndin og telji sig hafa tileinkað sér eitthvað úr þeim                                                           |
| Foreldrafundur að hausti                   | Að upplýsingar skili sér betur til allra foreldra                                | Foreldrafundur verður tekinn upp og sendur í tölvupósti og settur á fb síðu leikskólans | Leikskólastjóri, aðstoðaleikskólastjóri, deildastjórar | Tekinn upp sumar 2020                                                       | Birtur í septemberlok 2020 | Könnun send til foreldra í árslok 2020                                               | Að foreldrar þekki stefnu leikskólans og að við séum samstarfsaðilar að uppeldi barnanna                                                |
| Verkfærin okkar, send rafrænt til foreldra | Að foreldrar geti nýtt sér verkfærin í uppeldi heima                             | Verkfærin gerð sýnileg með rafrænum hætti                                               | Leikskólastjóri, aðstoðarstjóri                        | Gerð myndskott sumar/h aust 2020                                            | Birt haust/vetur 2020      | Spurningar um verkfæri og notagildi þeirra í könnun um foreldrafund í árslok 2020    | Að foreldrar þekki verkfæri Funaborgar og geti nýtt sér þau heima í uppeldi (ef vill) og þannig séum við foreldrar og leikskóli að nota |

|  |  |  |  |  |  |  |                                                    |
|--|--|--|--|--|--|--|----------------------------------------------------|
|  |  |  |  |  |  |  | sömu<br>aðferðir<br>heima og í<br>leikskólanu<br>m |
|--|--|--|--|--|--|--|----------------------------------------------------|

## 2.1 Innra mat á Helgustekk

Vegna verkfalls og covid19 vírusins varð hefðbundið starf og skipulag á deildinni með breyttu sniði eftir áramót. Því setjum við svipuð markmið og umbótaáætlun og á síðasta skólaári til að geta unnið að þeim að heilum hug.

| UMBÓTAÞÁTTUR<br>/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri<br>til<br>umbóta                                                                                                                        | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                | Ábyrgð                           | Hefst   | Lokið         | Hvernig<br>metið/aðferðir<br>?                                                   | Viðmið<br>um<br>árangur                                                                                                                                                                          |
|---------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|---------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------|---------|---------------|----------------------------------------------------------------------------------|--------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
| <b>Helgustekkur</b>             | Sjálfsfelling<br>Barna<br><br>Að börnin<br>finni að þau<br>séu<br>þátttakendur<br>í starfi<br>skólans og<br>að skoðanir<br>þeirra skipta<br>máli | Myndbönd<br>skráningar<br><br>Horfum á<br>myndbönd<br>um<br>sjálfsfellingu<br>fyrir starfsfólk<br>og umræður<br>á<br>deildarfundum<br><br>Starfsfólk geri<br>Skráningar í<br>starfinu | Deildarstjóri<br>í<br>Starfsfólk | Ágú/sep | Maí /<br>júní | Farið verður yfir<br>skráningar.<br><br>Spurningalisti fyrir<br>Starfsfólk/ börn | Að starfsfólk<br>öðlist<br>meiri<br>færni og<br>skilning á<br>mikilvægi<br>þess að<br>börn efli<br>sjálfræði<br>sitt.<br>Starfsfólk<br>tileinki<br>sér<br>að vinna<br>með<br>verkfærin<br>okkar. |

## 2.2 Innra mat á Fögrubrekku

Vegna verkfalls og Covid 19 munum við setja þennan þátt aftur í innra mat okkar á Fögrubrekku.

Við viljum að samskiptin á deildinni okkar séu jákvæð og uppbyggileg.

| UMBÓTAÞÁTTUR/<br>MATSPÁTTUR | Tækifæri til<br>umbóta                                                                                                                                         | Aðgerðir til<br>umbóta                                                                                                                                                                                                                                                           | Ábyrgð                                 | Hefst          | Lokið        | Hvernig<br>metið/aðferðir?                                                                                                         | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                                                                           |
|-----------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------|----------------|--------------|------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|----------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|
|                             |                                                                                                                                                                |                                                                                                                                                                                                                                                                                  |                                        |                |              |                                                                                                                                    |                                                                                                                                                                                                                |
|                             | Að hverju er<br>stefnt?                                                                                                                                        | Hvernig<br>framkvæmum<br>við það?                                                                                                                                                                                                                                                | Hver ber<br>ábyrgð, Hver<br>framkvæmir |                |              | Hvaða aðferðir<br>á að nota?<br>(könnun, rýnihóp<br>ur, safna<br>gögnum)                                                           | Viðmið um<br>árangur                                                                                                                                                                                           |
| <b>Fagrabrekka</b>          | Jákvæðni<br><br>Markmið okkar<br>er að eiga<br>jákvæð<br>samskipti sem<br>einkennast af<br>virðingu.<br>Viðurkennum<br>sjónarhorn og<br>tilfinningar<br>barna. | Myndbönd –<br>Skráningar<br>Horfum á<br>myndbönd<br>Lesið sér til<br>um jákvæða<br>sálfræði.<br>Starfsfólk<br>kynni sér<br>lykilhugtök<br>okkar.<br>Vinnum að því<br>að ná tökum á<br>að vinna með<br>verfærin okkar<br>þrjú.<br>- 5.mín reglan<br>-Val<br>-Já í 99%<br>tilfella | Deildarstjóri<br>Starfsfólk            | Sept<br>. 2020 | Júní<br>2021 | Farið verður yfir<br>skráningar.<br><br>Myndræn og<br>skrifleg<br>skráning,<br>rýnihópur fer<br>yfir skráningar á<br>deildarfundum | Að starfsfólk<br>hafi náð<br>tökum á að<br>vinna með<br>verfærin<br>okkar og hafi<br>þannig náð<br>tökum á að<br>vera tengd<br>jákvæðri<br>sálfræði sem<br>um leið eflir<br>jákvæðni og<br>sjálfræði<br>barna. |

### **3 Starfsþróunarsamtöl og fræðsla**

Fræðsla til starfsmanna mun fara fram með fyrirlestrum t.d. á starfsdögum, ekki hefur verið tekin endanleg ákvörðun um hvaða fræðslu verði boðið upp á.

Við höfum bókað fyrirlestur frá sviðinu um fjölmenningu. Fanný Heimisdóttir hefur verið bókuð með fyrirlestur tengd verkfærum Funaborgar um jákvæðar, sjálfstýrkjandi uppeldisaðferðir. Við vonumst til þess að þau námskeið sem í boði voru fyrir nýja starfsmenn og leiðtoga verði aftur í boði og nýtist okkur.

Starfsþróunarsamtöl eru fyrirhuguð í október

### **4 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva**

Funaborg verður í samstarfi við Hamraskóla, í skólaheimsóknum elstu barna með leikskólanum Klettaborg. Funaborg verður í samstarfi við frístundaheimilið Sinbað sæfari

### **5 Foreldrasamvinna**

Foreldrafundur haustsins verður með öðru sniði þetta árið en við ætlum að gera tilraun með að senda út rafrænan foreldrafund. Við ætlum einnig að gera rafrænar skrár um verkfæri Funaborgar og senda á foreldra til að þau geti nýtt þessi góðu verkfæri einnig heima og til þess að samtenging leikskóla og heimilis verði enn betri. Allir séu að stefna að því sama og að foreldrar viti hvað um ræðir þegar börnin nota verkfærin heima við.

Foreldrasamtöl verða tvisvar yfir skólaárið, einu sinni í húsi og einu sinni samtal í síma. Foreldrum er svo gert ljóst að þeir geti hvenær sem er óskað eftir samtali.

Foreldrum er boðið í jólakaffi í desember og öfum og ömmum í vöfflukaffi í mars

Í samvinnu við foreldrafélag er piparkökumálun og hrísgrjónagrautur í nóv/des.

Foreldrafélagið hefur haldið bingó til fjáröflunar og það er haldið í leikskólanum. Sumarhátíð er haldin í júní og börn, foreldrar og starfsfólk koma saman þar. Foreldrafélagið er einnig í samvinnu með leikskólanum um sveitaferð að vori. Elstu börnin bjóða foreldrum sínum í útskriftarveislu í maí.

## **6 Skipulagsdagar og leikskóladagatal**

Skipulagsdagar Funaborgar eru:

11. september

05. október sameignlegur með grunnskóla

04. janúar starfsdagur

05. febrúar sameiginlegur með grunnskóla

12. mars sameiginlegur starfsdagur Funaborgar, Hólaborgar, Engjaborgar og Sunnufoldar, ráðstefna

10. maí sameiginlegur starfsdagur starfsfólks í leikskólum, grunnskólum og frístundarheimilum

## 7 Fylgigögn

- 7.1 Fylgiskjal 1 - Umsögn foreldraráðs
- 7.2 Fylgiskjal 2 – Greinagerð sérkennslustjóra
- 7.3 Fylgiskjal 3- Dagatal leikskólans
- 7.4 Fylgiskjal 4 – Viðburðaskrá leikskólans

F. h. leikskólans Funaborgar

Agnes Jónsdóttir 01.07.2020

---

Leikskólastjóri

Dagsetning

## **Fylgiskjal 1**

**Starfsáætlun 2020 – 2021**  
**Nafn leikskóla**

**Leikskólinn Funaborg**

**Umsögn foreldraráðs**

**Foreldraráð leikskólans skipa:**

**Birta Ísólfsdóttir**

**Daði Rafn Jónsson**

**Svanhildur Anna Gestsdóttir**

## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.

## **Mat á leikskólastarfi**

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðslufirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## **Hlutverk foreldraráðs**

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.

## **Umsögn foreldraráðs:**

Foreldraráð hefur lesið og samþykkt starfsáætlun án athugasemda.





Sékennsla, greinargerð s.l. ár og umbætur fyrir næsta ár.

## **Fjöldi barna í sérkennslu 2019-2020.**

### **Sérkennsla**

- Síðast liðið haust voru tvö börn í 1. flokki hjá okkur í leikskólanum. Ekki fékkst atferlipjálfi/proskapjálfi/starfsmaður til að sinna þeirri þjálfun þrátt fyrir margar auglýsingar eftir slíkum starfsmanni. Það varð því úr að annað barnið var flutt í samráði við foreldra þess í annan leikskóla þar sem fyrir var starfsmaður sem gat þjálfað barnið. Sérkennslustjóri sá svo um að þjálfu hitt barnið. Unnið er eftir Atferlipjálfun og var stuðst við bókina Behavioral intervention for young children with autism og er sú bók og skráningar samkvæmt henni notaðar í stað einstaklingsnámskrár. Unnið er í samráði við teymi með foreldrum, ráðgjöfum frá Miðgarði og Greiningarstöð Ríkisins.

### **Úrbætur**

- Ráðinn hefur verið proskapjálfi frá því í mars 2020 sem tók við atferlipjálfun með barninu sem er í 1. flokki hjá okkur.
- Sérkennslustjóri hefur þá komist í önnur brýn verkefni sem setið hafa á hakanum vegna manneklu.

### **Málörvun**

- Sérkennslust. hefur eftir bestu getu reynt að bjóða upp á málörvun fyrir börn sem njóta alþjóðlegrar verndar. Þessi börn hafa verið hjá okkur frá því í haust og komu til okkar án þess að kunna neitt í íslensku. Frá því að proskapjálfi byrjaði hjá okkur í mars hafa málörvunarstundirnar verið fleiri.
- Þörf hefði verið á að taka önnur tvítyngd börn í málörvun en ekki var mannskapur til að gera það.
- Öll elstu börnin eru prófuð í Hljóm-2. Sérkennslustjóri sér um þá framkvæmd.

### **Úrbætur**

- Þar sem búið er að ráða proskapjálfa er meiri tími fyrir sérkennslustjóra til að skipuleggja málörvun fyrir tvítyngd börn og önnur sem þurfa á því að halda.

- Ósk sérkennslustjóra er að hafa meiri tíma til að koma að faglegri ráðgjöf með einstökum börnum inni á deildum.

### **Sérkennslustjóri**

- Sérkennslustjóri heldur utan um sérkenntu og skipuleggur í samráði við leikskólastjóra, þroskaþjálfara og deildarstjóra.
- Situr teymisfundi og tekur þátt í honum eftir þörfum.
- Sér um málörvun fyrir börn af erlendum uppruna.

### **Úrbætur**

- Skipuleggja þarf betur hvernig standa á að málörvun í leikskólanum í samráði við deildarstjóra.
- Ósk sérkennslustjóra er að hafa meiri tíma til að koma að faglegri ráðgjöf inni á deildum. Eins og fyrir t.d.:
  - Málörvunarhópa.
  - Ráðgjöf vegna einstakra barna

## Samantekt um sérkennslu/stuðning

|                                                                                                                   |                   |                                                                                           |
|-------------------------------------------------------------------------------------------------------------------|-------------------|-------------------------------------------------------------------------------------------|
| Vísbending                                                                                                        | Já eða nei/fjöldi | Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.                             |
| Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?                                           | 2                 | Voru 2 sl. haust en er 1 núna.                                                            |
| Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum                                            | 0                 |                                                                                           |
| Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki) | 3                 | Tvítyngd börn og flóttabörn sem eru í ferli hjá Útlendingastofnun v/alþjóðlegrar verndar. |
| Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?                                                             | 2                 | S.l. liðið haust var aðeins sérkennslustjórinn, í mars byrjaði þroskaþjálfari.            |
| Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?                                                                         | Já                |                                                                                           |
| Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?                                                                | Nei               | Er í vinnslu                                                                              |
